

Fundargerð

**Svæðisráð suðursvæðis - 122. fundur svæðisráðs suðursvæðis haldinn í
Freysnesi,
mánudaginn 6. nóvember 2023, kl. 12:00.**

Fundinn sátu:

Sigurjón Andrésson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar,
Friðrik Jónas Friðriksson, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins
Hornafjarðar,
Hjördís Skírnisdóttir, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar,
Haukur Ingi Einarsson, varafulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu,
Guðrún Inga Bjarnadóttir, varafulltrúi Samtaka útivistarféлага,
Hrafnhildur Ævarsdóttir, þjóðgarðsvörður á suðursvæði - Skaftafell,
Linda Björk Hallgrímsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar á suðursvæði - Skaftafell,
Steinunn Hödd Harðardóttir, þjóðgarðsvörður á suðursvæði - Höfn,
Sigurður Óskar Jónsson, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar á suðursvæði - Höfn.

Forföll:

Laufey Guðmundsdóttir aðalfulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu,
Sigríður Arna Arnþórsdóttir aðalfulltrúi Samtaka útivistarféлага,
Snævarr Guðmundsson, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamtaka,
Kristín Hermannsdóttir, varafulltrúi umhverfisverndarsamtaka.

1. Suðursvæði - af vettvangi stjórnar - 2203070

Formaður svæðisráðs fer yfir málefni af vettvangi stjórnar.

*Formaður svæðisráðs sagði frá síðasta stjórnarfundum sem haldinn var 16. október sl.
Rekstur þjóðgarðsins er í jafnvægi og í samræmi við áætlanir. Einnig var talsvert rætt
um málefni Vonarskarðs á fundinum.*

2. Suðursvæði - skýrsla þjóðgarðsvarða - 2001003

Þjóðgarðsverðir fara yfir málefni svæðisins.

*Þjóðgarðsverðir greindu frá starfseminni frá síðasta svæðisráðsfundi og starfinu fram
undan.*

*Á austanverðu suðursvæði er verið að auglýsa eftir nýjum aðstoðarþjóðgarðsverði, en
núverandi aðstoðarþjóðgarðsvörður mun færast í stöðu sérfræðings. Nýliðinn október
komu rúmlega 91.000 gestir að Jökulsárlóni, sem er stærsti októbermánuður frá upphafi
mælinga.*

*Í Skaftafelli hefur mikil vinna farið í rekstraráætlun næsta árs og hugmyndir um
framfarabúsetumöguleika starfsfólks í Skaftafelli. Einnig rætt um vandamál sem
skapast við vegalokanir með litlum fyrirvara.*

3. Suðursvæði-Ferjuflug með þyrlu - 1811010

Þjóðgarðsvörður fer yfir málið.

Undir þessum lið kannaði svæðisráð aðstæður á Skeiðarárjökli með tilliti til þyrluflugs með vettvangsferð. Svæðisráð telur að aðstæður séu fyrir hendi til að slík starfsemi verði áfram leyfð á svæðinu. Svæðisráð áformar að ljúka umfjöllun um stefnumótun og skilmála fyrir slíka starfsemi á næsta fundi til framlagningar fyrir stjórn, sbr. 32. gr. reglugerðar um Vatnajökulspjóðgarð nr. 300/2020.

Varafulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu vék af fundi undir umræðum um lið 3.

4. Tillaga að breytingu á mörkum Vatnajökulspjóðgarðs - 2310010

Lagt fram til kynningar.

Málið varðar mörk jarðanna Heinabergs og Selbakka og þar með mörk þjóðgarðsins.

5. Jökulsárlón - uppbygging innviða - auglýsing ráðuneyta eftir samtali við markaðsaðila - 2308091

Fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu kynnir.

Varafulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu sagði frá því sem Ferðamálafélagið og óstofnað fasteignafélag hafa verið að vinna að varðandi framtíðaruppbyggingu við Jökulsárlón.

6. Stjórnunar- og verndaráætlun - Viðauki - Sandfell - Verkefnislýsing - 2202009

Þjóðgarðsvörður fer yfir stöðu málsins.

Undir þessum lið fór svæðisráð í kynnisferð um Sandfellsjörðina og skoðaði m.a. bílastæði við Falljökul og staðinn þar sem Sandfellsbærinn stóð.

Fundargerð ritaði: Sigurður Óskar Jónsson, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

Fundi slitið kl. 17:40.